

Útskurður

Útskurður í tré var listform sem Íslendingar helguðu sig öðru fremur. Um það vitna fornir útskornir húsaviðir og líkneski frá miðöldum sem varðveist hafa. Þegar fram liðu stundir má skilgreina útskurðinn sem alþýðulist þar sem forn munsturgerð varðveittist og þróaðist í gerð brúkshluta og hirslna, s.s. rúmfjala, kistla og aska. Af öllum þeim fjölda gripa sem varðveist hafa sést að þessi listsköpun lifði með íslenskri alþýðu fram undir 20. öld. Það er einkennandi að þrátt fyrir að oft á tímum séu glögg höfundareinkenni á fornum útskurði, þá eru einungis þekkt nöfn örfárra skurðmeistara. Er þetta þeim mun sérkennilegra þar sem á Íslandi eru bæði persónusaga og skjallegar heimildir ríkulegar. Það er ef til vill staðfesting á því að gripirnir urðu til hjá alþýðufólki, andstætt því að flestar skriflegar færslur eru afrakstur af vinnu og skipulagi embættismanna.

Rekaviður var mikilvæg auðlind bæði til húsagerðar og til smíða á minni búshlutum og áhöldum. Sífelldur viðarskortur kenndi fólki að fara vel með efniviðinn og láta ekkert fara til spillis. Útskurðaráhöld voru aðeins hnífar og frumstæð eggvopn þannig að segja má að skurðmeistarar hafi haft leiknina eina að vopni.¹

Sérstaða íslensks útskurðar er meðal annars fólgin í því að gripir eru í flestum tilvikum ómálaðir. Algengt var að skera út áletranir á gripi. Oft voru þær með hinu séríslenska höfðaletri sem til er fjöldi afbrigða af. Oft getur reynst erfitt að lesa úr því, þar sem stafagerðin er misjöfn og lýtur ekki alltaf sömu reglum. Jafnframt koma fyrir áletrarnir með venjulegu lettri.

Dr. Ellen Marie Magerøy birti nákvæmar lýsingar á íslenskum útskornum gripum í Nordiska museet í greinum í Árbókum hins íslenska fornleifafélags.

Kistlar og smástokkar

Kistlar voru notaðir til að geyma í ýmsa persónulega hluti, svo sem skartgripi eða guðsorðabækur. Í kistlum var oft handraði, lítið hólf í öðrum endanum ofarlega og var jafnan á honum lok á hjörum. Í handraðanum geymdi fólk yfirleitt smágerða, verðmæta hluti. Allar fjórar hliðar kistilsins eru venjulega útskornar sem og lokið sem oftast er flatt. Í marga kistla er skorið jurtaskraut sem lýtur lögmálum hefðbundins íslensks útskurðar. Algengt var að skera í þá fangamörk eða nafn eiganda og stundum ártöl. Nokkur dæmi eru um skornar myndir af dýrum og fólki sem gefa vísbendingu um klæðaburð og stíl samtímans.

Þrjátíu og átta kistlar fóru til Stokkhólms á 19. öld auk útskorins skrauts af kistli ónafngreindan skurðmeistara sem vel er þekktur af verkum sínum.ⁱⁱ

Trafaöskjur, trafalárar og trafakefli

Trafaöskjur eru kringlóttar gerðar úr sviga, sveigjanlegum viði, sem læst var saman með sérstökum saumi eða lás. Lok voru jafnan skreytt útskurði, oft óhlutbundnum jurtateinungum og áletrunum. Í slíkum öskjum geymdu konur tröf sín, klúta sem heyrðu til höfuðbúnaði gamla faldbúningsins.

Trafaöskjurnar eru flestar frá 18. öld. Fimmtán trafaöskjur auk þriggja öskjuloka fóru til Nordiska museet á 19. öld.

Trafalár er lítil kista með fornu lagi á þann hátt að í hornum eru lóðréttir stuðlar og eru hliðarnar felldar inn í þá. Efst á stuðlum er stundum skorið skraut eða fígúrir. Á lárum eru yfirleitt burstmynduð lok. Þeir eru gjarnan útskornir á öllum hliðum, sem og á loki, með óhlutbundnu skrauti eða kynjadýrum. Trafalárar gegndu líku hlutverki og trafaöskjur. Líklegt er að trafalárar hafi fremur verið í eigu heldri kvenna, enda þeir mun sjaldgæfari en til dæmis kistlar og jafnan eldri. Þrír trafalárar með loki voru í Nordiska museet og einn loklaus.

Það virðist ekki auðvelt að átta sig á til hvers trafakefli voru notuð, en segja má að þau hafi verið eins konar strauboltar þar sem hlutverk þeirra var að slétta tröf, klútinn sem hafður var í höfuðbúnað kvenna. Keflin voru tvö, yfirkefli og undirkefli, og er hið síðarnefnda sívalningur sem tröfin voru undin upp á en velt yfir með yfirkeflinu, sem var slétt að neðan en útskorið að ofan. Ungir menn gáfu unnustum sínum oft útskorin trafakefli sem tryggðapant til að lofa þeim sinni ævarandi tryggð. Fátt er til af undirkeflum, enda hafa þau að mestu verið óskreytt og því síður eftirsótt til varðveislu. Þeim mun glæsilegra var efra keflið, skorið jurtaskrauti, áletrunum, vísu, nöfnum og fangamörkum og fram úr keflinu stóð oft heilskorin hönd eða mannvera. Sömuleiðis er yfirleitt heilskorið stykki við aftari enda og nýttust endastykkinn sem handföng þegar keflinu var beitt. Tíu trafakefli fóru til Svíþjóðar á 19. öld og þar með er trafakeflafjöldi í Þjóðminjasafni Íslands nú orðinn á annað hundrað.

Þrjónastokkar

Það er eftirtektarvert að í Nordiska museet fóru þrjátíu og þrír þrjónastokkar. Það er hátt hlutfall miðað við fjölda þeirra þrjónastokka sem fyrir eru í

Þjóðminjasafni. Margir hverjir eru listilega útskornir, bæði með stílfærðu skrauti og áletrunum. Ýmist eru prjónastokkar sívalir eða kantaðir, úr eintrjánungi eða samsettir úr fjöllum. Loki er annað hvort rennt í eða það leikur á þolinmóð við annan enda. Varla þarf að taka fram að stokkarnir voru til þess að geyma í prjóna sem voru mikið þarfapíng. Prjónastokkarnir úr Nordiska museet eru frá 19. öld. Þó gætu tveir verið frá 18. öld, sem telst fremur gamlt miðað við varðveitta prjónastokka. Fimm finir bandprjónar eru meðal gripanna.

Rúmfjalir og annar húsbúnaður

Rúmfjalir voru samofnar baðstofulífinu fyrr á tíð. Þeim var stungið niður með rúmstokknum á milli rúmbríka á kvöldin þegar fólk gekk til náða til að halda rúmfötunum uppi í fletinu. Þannig var rúmfjölín hið mesta þarfapíng sem jafnframt var lögð þung áhersla á að skreyta og fegra eftir því sem kostur var. Að deginum var fjölín færð upp að veggþilinu svo unnt væri að setjast á rúmstokkinn. Yfirleitt eru rúmfjalir úr furu, kringum metri að lengd og um 25 cm á breidd. Þær eru flestar frá 18. og 19. öld þótt einstaka fjöl sé til frá 17. öld. Útskurður er að jafnaði aðeins á annarri hliðinni, þeirri sem út vissi. Sú hlið er yfirleitt öll skreytt og útskurðurinn fjölbreytilegur. Ýmis jurtateinungaskurður er algengur, sem og áletranir, þá helst sálma- eða bænavers. Oft er að finna fangamörk hjónanna sem áttu fjölin, ártöl sem og fangamark Jesú, IHS. Fyrir kom að fólk rissaði eða skar út bæði skraut og bókstafi á bakhlið rúmfjalanna.

Á Þjóðminjasafni voru tæplega 300 rúmfjalir varðveittar og nú hafa uppundir fimmtíu bæst í safnið við afhendingu gripanna úr Nordiska museet. Þær síðari töldu sverja sig að flestu leyti í ætt við það sem alþekkt er. Þó virðist sem nokkur fjöldi þeirra sé heldur styttri en almennt gerist. Útskurðurinn er afar fjölskrúðugur og að því leyti bætist margt nýtt við sem vert væri að huga sérstaklega að í tengslum við uppruna þeirra. Kanna mætti hvort tiltækar gætu verið á skjalasöfnum uppskriftir innbúa á þeim bæjum sem vitað er að fjalirnar eru frá.

Til Nordiska museet fóru þrjár merkar rúmbríkur. Rúmbrík er hlið á rúmi sem sneri fram að gólfi og algengt var að þær væru óskreyttar. Þessar þrjár eru hins vegar ríkulega útskornar. Tvær eru samstæðar en ein stök og á henni ártalið 1739. Útskurður á hinum er jurtateinungur sem ristir talsvert djúpt og er það fornlegur að hann minnir á varðveittan, íslenskan, útskurð frá

miðöldum. Þessar merku bríkur eru enn eitt dæmi þess hversu sterk útskurðarhefð ríkti með þjóðinni.

Þá er rétt að geta um sængurhest meðal gripanna, sem í raun er útskorin rúm fjöl með þrjá fætur sem festir eru á bakhlið fjalarinnar og ganga niður úr henni. Líklegt er að þessir fætur hafi þjónað þeim tilgangi að útskorni hluti fjalarinnar stæði upp úr þegar sængurhestinum var komið fyrir á rúmstokknum. Gripurinn er sérstakur að því leyti að málað er ofan í útskurðinn en gripur sömu gerðar er fyrir í Þjóðminjasafni.

Til húsbúnaðar teljast ljósfæri. Nokkrir dæmigerðir lýsislampar komu frá Nordiska museet. Athyglisverðar ljósapönnur úr járnri eru einnig með. Þær eru aflangar og mjóar og hefur þeim verið stungið annað hvort í hlaðið veggstálið (hlaðinn torfvegg) eða í stoð. Sr. Helgi kallar þær baðstofulampa.

Lilja Árnadóttir

ⁱ Lilja Árnadóttir. „Útskurður Skorið í tré, horn og bein”. *Hlutavelta tímans*. Rv. 2004, bls. 290 – 301; Mageröy, Ellen Marie. *Planteornamentikken i islandsk treskurd I – II*. Kh. 1967. (Bibliotheca Arnarnagana, Supplementum, Vol. V); Þór Magnússon. *Skáldað í tré – íslensk skurðlist úr Þjóðminjasafni*. Sýning Þjóðminjasafns Íslands í Ljósafossstöð júní-desember 2001. Rv. 2001.

ⁱⁱ Mageröy, Ellen Marie. „Dularfullir skurðlistamenn á 18. öld“. *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1981, bls. 77-102.